

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Heimild til samninga við lægstbjóðanda í útboði á Lokahúsi vatnsveitu við Víðiteig

Dags: 04.09.2024

Málsnúmer: 202404075

Sendandi: Erna Rós Bragadóttir verkefnastjóri MosVeitna

Tillaga:

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til að ganga til samninga við lægstbjóðanda í útboði á Lokahúsi vatnsveitu við Víðiteig að því gefnu að öll skilyrði útboðsgagna hafi verið uppfyllt.

Í gildandi fjárfestingaráætlun bæjarins er gert ráð fyrir því að 55 m.kr. verði greiddar vegna framkvæmda við lokahúsið á árinu 2024 og 40 m.kr. á árinu 2025, eða samtals 95 m.kr. Í fjárfestingaráætlun MosVeitna er hins vegar gert ráð fyrir því að 30 m.kr. verið varið í stækkun á dælum í dæluhúsi við Skarhólabraut á árinu 2024. Nú hefur komið í ljós, eftir ítarlegar rannsóknir, að ekki er þörf á því að fara í þá framkvæmd á þessu ári. Því er áformað að síðastnefnda fjárhæðin verði nýtt í breytingar á veitulögnum í tengslum við byggingu lokahúss við Víðiteig. Heildarfjárveiting í verkefnið árin 2024 og 2025 nemur því 125 m.kr.

Greinargerð:

Á 1632 fundi bæjarráðs þann 4. júlí 2024 var heimilað að bjóða út byggingu á lokahúsi vatnsveitu við Víðiteig. Um var að ræða almennt útboð og voru útboðsgögn aðgengileg frá 31. júlí 2024.

Skilafrestur tilboða vegna útboðsins rann út þann 19. ágúst kl. 11:00. Fjögur tilboð bárust.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Tilboðsverð/kr.	Hlutfall kostn.
Stéttafélagið	103.413.780	103%
Alefli ehf	108.708.396	108%
Global Byggingafélag og Co ehf	120.930.270	120%
Fortis ehf	127.834.718	127%
Kostnaðaráætlun	100.401.100	100%

Áætlaður heildarkostnaður verks:

Verksamningur		103.413.780
Hönnun	5%	5.170.689
Eftirlit	6%	6.204.827
Ófyrirséð	10%	10.341.378
Samtals		125.130.674



Mosfellsbær

Heildarkostnaður við lokahúsið og tengingar á vatnsveitulögnum fyrir utan húsið er þá 125.130.674 kr miðað við tilboð lágstbjóðanda.

Áætlað er að framkvæmdir vegna byggingar lokahússins skiptist á tvö ár og hefjist í október 2024 og verði lokið í júlí 2025.

*Virðingarfyllt,
Erna Rós Bragadóttir*